



# Habitus og viðhorf til vímuefna

Ingi Þór Pálsson

Lokaverkefni til BS-gráðu  
Sálfræðideild  
Heilbrigðisvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Habitus og viðhorf til vímuefna

Ingi Þór Pálsson

Lokaverkefni til BS-gráðu í sálfræði  
Leiðbeinandi: Guðmundur B. Arnelsson

Sálfræðideild  
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands  
Maí 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til bakkjár gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ingi Þór Pálsson 2013

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland 2013

## **Þakkarorð**

Höfundur vill nota tækifærið og þakka þeim sem veittu aðstoð við gerð rannsóknarinnar og þessarar ritgerðar. Bestu þakkir fær leiðbeinandinn minn, Guðmundur B. Arnkelsson fyrir góða leiðsögn við gerð þessa lokaverkefnis. Ég vil þakka Arnari Eggert Thoroddsen og Hauki Viðari Alfreðssyni fyrir hjálpina, en þeir veittu sérfræðipækkingu sína á tónlist og kvikmyndum við gerð habituslistans. Nokkrir skólar tóku þátt í þessari rannsókn og vil ég þakka fulltrúum þeirra fyrir gott samstarf. Ég vil þakka Dísu Sigurðardóttur fyrir yfirlestur á þessu lokaverkefni. Einnig vil ég þakka samnemendum mínum, Sædísu Jönu, Helgu Kristrínu, Ólafi, Arndísi Evu, Hrannari og Róberti, kærlega fyrir samstarfið við gerð habituslistans og rannsóknarinnar.

## Útdráttur

Þegar við lítum yfir samfélagið sem við búum í er okkur samt að sjá mismunandi hópa fólks. Þessir hópar hafa gjarnan mismunandi, smekk, skoðanir og viðhorf og mögulega teljum við okkur tilheyra einhverjum ákveðnum hópi fólks. Við erum félagsverur og sækjum í félagsskap annarra. Fólkið sem við umgöngumst eru gjarnan þeir sem hafa svipaða eiginleika og við sjálf. Flestir líta á sig sem hluta af einhverjum hóp innan samfélagsins. Sumir leggja sig jafnvel fram við að láta aðra taka eftir því hvaða hóp þeir tilheyra. Einstaklingar eiga það líka til að flokka annað fólk niður í hópa, þrátt fyrir að það sé greinilegur einstaklingsmunur innan hópanna. Þessir hópar geta verið fámennir og sértækir eða stórir almennir hópar eins og fólk af sama kynþætti eða sömu stétt. Sumir nota smekk sinn til að tjá sérkenni sitt fyrir öðrum í samfélaginu. Margir móta sjálfsmynd sína útfrá tónlistarsmekk sínum og láta oft í ljós á áberandi hátt hvaða tónlist er í upphaldi til að skapa sér ákveðna ímynd frammi fyrir öðrum. Félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu lýsti því í kenningum sínum að smekkur, viðhorf, tilhneigingar og athafnir séu hluti af habitus einstaklings og habitus mótist af félagslegu umhverfi hvers og eins. Habitus byggir því að mestu leyti á reynslu. Í þessari rannsókn var leitast við að finna afmarkaða og skilgreinanlega habitushópa hjá þátttakendum í netkönnun. Í könnuninni voru þátttakendur spurðir út í smekk sinn á tónlist, kvikmyndum, útvarpsstöðvum, vefsíðum, bókmenntum og blöðum, íþróttum, tómstundum og sjónvarpsþáttum. Einnig var hluti hópsins spurður spurninga varðandi viðhorf til vímuefna og vímuefnanotkunar. Markmiðið var að athuga hvort það væri munur á viðhorfum habitushópanna til vímuefna. Það fundust fimm afmarkaðir habitushópar. Þeir fengu lýsandi heitin; Rokkarar, Popparar, Bókaunnendur, Meðvitaðir og Óvirkir. Viðhorf hópanna til vímuefna og vímuefnanotkunar voru ólík og skáru hóparnir Rokkarar og Óvirkir sig sérstaklega út hvað það varðar.

<b>Efnisyfirlit</b>	
<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
Tónlist og önnur afþreying .....	7
Habitus .....	11
Rannsóknir á habitus .....	13
Habitus og viðhorf til vímuefna .....	14
Markmið .....	16
<b>Aðferð</b> .....	<b>17</b>
Þátttakendur .....	17
Mælitæki .....	17
Habituslistinn .....	17
Spurningalisti varðandi viðhorf til vímuefna .....	20
Frankvæmd .....	22
Tölfræðileg úrvinnsla .....	23
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>24</b>
Þáttgreining habituslistans .....	24
Habitushópar .....	30
Habitushóparnir og viðhorf til vímuefna .....	34
<b>Umræða</b> .....	<b>49</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>53</b>
<b>Viðaukar</b> .....	<b>55</b>

Þegar við lítum yfir samfélagið sem við búum í er okkur tamt að sjá mismunandi hópa fólks. Þessir hópar hafa gjarnan mismunandi smekk, skoðanir og viðhorf og mögulega teljum við okkur tilheyra einhverjum ákveðnum hópi fólks.

Flestir vilja tjá smekk sinn, eiginleika og sérkenni með einhverjum hætti. Fatasmekkur getur til dæmis gefið til kynna einhverja eiginleika fólks, því sumir tjá sérkenni sitt mjög sterklega með fötum (Feinberg, Mataro og Burroughs, 1992).

Einnig er algengt að einstaklingar, sérstaklega ungt fólk, noti tónlistarsmekk sinn til að móta sjálfsmynd sína og tjá sitt sérkenni. Það lætur jafnvel í ljós á áberandi hátt hvaða tónlist það heldur upp á til að skapa sér ákveðna ímynd frammi fyrir öðrum. Tónlistarsmekkur getur því verið nokkurskonar einkennismerki fyrir suma og táknar jafnvel eitthvað sem þeir standa fyrir. Tónlistarsmekkur getur gefið til kynna hvaða félagslegu hópum viðkomandi tilheyrir og hvaða hópum hann tilheyrir ekki. Þetta er sérstaklega áberandi hjá unglingum sem nota gjarnan tónlistarsmekk sinn til að tengjast ákveðnum hópi jafnaldra sinna. Innan hópsins hegðar fólk sér stundum á annan hátt en það myndi gera utan hans (Hargreaves, Miell og MacDonald, 2002).

Fólkið sem við umgöngumst og löðumst að eru oftast þeir sem hafa svipaða eiginleika og við sjálf (Burke, 2006). Einstaklingar móta sjálfsmynd sína með því að bera saman eigin hegðun við hegðun annarra í samfélaginu (Hargreaves, Miell og MacDonald, 2002). Flestir líta á sig sem hluta af einhverjum hópi og leggja sig jafnvel fram við það að láta aðra sjá og taka eftir hvaða hópi þeir tilheyra. Einstaklingar flokka einnig annað fólk niður í hópa þrátt fyrir að það sé greinilegur einstaklingsmunur innan hópanna (Hogg, 2006). Þessir hópar geta verið mjög mismunandi og eru allt frá því að vera mjög fámennir eða sértækir og yfir í það að vera stórir og almennir hópar, eins og fólk af sama kynþætti eða sömu stétt.

## *Tónlist og annað afþreyingarefni*

Tónlist hefur fylgt mannum í margar aldir, og eftir því sem við best vitum er hún hluti af öllum menningarsamfélögum heimsins. (Rentfrow og Gosling, 2011).

Tónlist er mikilvægur hluti af lífi margra, hún getur hjálpað fólki að uppfylla tilfinningalegar þarfir, hún getur veitt okkur hvatningu til að auka líkamlega og hugræna getu og margir vita ekkert ánægjulegra en að hlusta á sína eftirlætistónlist (Miranda og Claes, 2004). Svo virðist sem nánast allir hafi einhvern áhuga á tónlist. Flestir hafa mjög sterka skoðun á því hvaða tónlist þeim líkar við og hvað þeim líkar ekki við, óháð því hversu fróðir þeir eru um tónlist (Hargreaves, Miell og MacDonald, 2002).

Tónlistarunnendur vingast oft við þá sem hafa gaman af sömu tónlist og þeir sjálfir. Þessi tengslamyndun milli fólks með sameiginlegan tónlistarsmekk leiðir gjarnan til þess að það verða til ólíkir menningarkimar út frá mismunandi tónlistarstefnum (Miranda og Claes, 2004). En ekki upplifa allir tónlist á sama hátt og smekkur fólks á tónlist getur verið mjög ólíkur. Hversu mikil áhrif tónlist hefur á fólk fer líka algerlega eftir því við hvaða aðstæður eða í hvaða samhengi það heyrir tónlistina (Sigg, 2009).

Tækniframfarir seinustu áratuga hafa gert okkur kleift að njóta tónlistar við margskonar aðstæður, og hafa bandarískar rannsóknir sýnt að meðalmanneskjan heyrir um fimm klukkustundir af tónlist á hverjum degi (Rentfrow og Gosling, 2011). Tónlist hefur því nokkuð víðtæk áhrif á daglegt líf margra (Coulangeon og Lemel, 2007).

Tónlist er víða í kringum okkur. Með tilkomu ferðatækja eins og iPod er hægt að hlusta í einrúmi, hvar sem er. Fólk hlustar á tónlist í samfélagi við aðra á tónleikum, skemmtistöðum og partíum og margir fá ánægju út úr því að dansa ef tónlistin höfðar til þeirra. Tónlist er oft spiluð á almenningstöðum og hljómar einnig í sjónvarpsþáttum, kvikmyndum og tölvuleikjum.

Tónlist í verslunum er oft spiluð það lágt að fólk tekur varla eftir henni, þrátt fyrir



það hafa rannsóknir sýnt fram á að tónlistin getur haft áhrif á kauphegðun fólks (Hargreaves, Miell og MacDonald, 2002).

Af þeim þáttum sem snúa að menningarneyslu hefur tónlistarsmekkur verið mest rannsakaður. Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á að félagslegir þættir geta haft töluverð áhrif á tónlistarsmekk (Coulangeon og Lemel, 2007).

Í gegnum tíðina hafa komið fram ýmsar kenningar varðandi hvað orsakar mismunandi tónlistarsmekk fólks. Á sjötta áratugnum voru þær hugmyndir uppi að tónlistarsmekkur endurspegladi ómeðvitaðar hvatir og þrár. En í dag er tónlistarsmekkur oft útskýrður út frá samvirknikenningum. Þær ganga út á það að einstaklingar sækji í þá tónlist og tónlistarmenningu sem endurspegli viðhorf, tilfinningar og persónuleika þeirra (Rentfrow og Gosling, 2011). Í þessu felst að fólk er að sækja í ákveðna örvun þegar það velur sér tónlist, eða aðra afþreyingu. Fólk með hátt örvunarstig sækir í aðra afþreyingu en fólk með lágt örvunarstig (Furnham, 2002).

Flestar nýlegar rannsóknir byggja á þeirri hugmynd að persónuleiki geti aldrei skýrt nema einhvern hlusta af tónlistarsmekk, því félagslegt umhverfi getur líka haft mjög mikil áhrif (North og Hargreaves, 1999).

Áhugi félagsfræðinga á tónlistarsmekk fólks byggir einnig á því að í dag virðist tónlistarsmekkur hafa lítil tengsl við menntun fólks. Menntun fólks hafi aftur á móti sterk tengsl við ýmsa aðra menningarneyslu, eins og smekk á bókmenntum. Þegar tónlistarsmekkur fólks er skoðaður getur nánasta umhverfi fólks verið það sem hefur mestu áhrifin á það, til dæmis fjölskylda, jafnaldrar, kynþáttur og þjóðfélagsstétt. Þetta er í samræmi við kenningar Bourdieu, en samkvæmt þeim getur tónlistarsmekkur gefið sterklega til kynna þjóðfélagsstétt fólks (Coulangeon og Lemel, 2007).

Bourdieu benti á að smekkur fólks á mat, bókmenntum, íþróttum og mörgu öðru væri mismunandi milli stétta, hann taldi þó að ekkert gæti sagt eins mikið til um stétt

fólks og tónlistarsmekkur. Samkvæmt Bourdieu hefur hástéttin gjarnan smekk fyrir flóknari tegundum tónlistar, þá helst klassík. Miðstéttin reynir að einhverju leyti að lifa eins og hástéttin en býr ekki við sömu möguleika og lærir ekki að meta tónlistina á sama hátt og hástéttin. Miðstéttin hefur því tilhneigingu til að hafa smekk fyrir því vinsælasta af „vandaðri“ tónlist. En lágstéttin, samkvæmt Bourdieu, tekur helst við því sem tónlistarútgefendur rétta þeim hverju sinni og hafa því tilhneigingu til að velja sér tónlist sem er einföld, endurtekningarsöm og þykir ekki sérlega krefjandi fyrir hlustandann (Atkinson, 2011). Seinustu áratugi hafa margar rannsóknir byggt á kenningum Bourdieu, en þær hafa einnig verið gagnrýndar.

Will Atkinson hafði efasemdir um þá fullyrðingu Bourdieu að tónlistarsmekkur væri það sem helst gæti sagt til um stétt. Atkinson efaðist ekki um að þetta hefði verið rétt mat hjá Bourdieu, á sjöunda áratugnum í Frakklandi. En hann bendir á að vestræn samfélög hafi breyst mikið, sérstaklega seinustu tvo áratugi, og við búum við annan veruleika í dag (Atkinson, 2011).

Í nýlegum tónlistarrannsóknum, þar sem fólk er spurt út í sýna eftirlætistónlist, koma gjarnan fram fimm þættir. Þessir fimm þættir eru svipaðir milli margra rannsókna og tákna þá hópa sem hægt er að skipta tónlistarunnendum niður í. Einn þáttur er róleg og aflappandi tónlist, annar er taktföst tónlist á borð við funk og Hip-hop, sá þriðji er „fáguð“ tónlist sem fellur aðallega undir óperu, klassík, jazz og þjóðlega tónlist, fjórði þátturinn er kraftmikil og hávær músík eins og rokk, og sá fimmti er ýmis rórtónlist á borð við kántrí og blús. Til eru rannsóknir þar sem finnast fleiri þættir, en almennt er talið að það eigi að vera að minnsta kosti fjórir til fimm þættir til staðar þegar tónlistarsmekkur fólks er aðgreindur (Rentfrow og Gosling, 2011).

Áhrif tónlistar á unglunga hafa verið rannsökuð töluvert. Það er vegna þess að hún er talin hafa mikla merkingu á þeim aldri og spilar stórt hlutverk í unglíngamenningu

(Rimmer, 2010). Tónlist getur haft mikil áhrif á unglunga. Unglingar hlusta gjarnan á tónlist til að takast á við erfiðleika, einmanaleika eða tilfinningasveiflur. Oft skilgreina unglunga sig út frá tónlistinni sem þeir hlusta á, og það getur haft þau áhrif að þeir telji sig vera hluti af einhverju eða telji sig tilheyra ákveðnum hópi fólks. Unglingarnir telja sig hafa ákveðið einkenni innan samfélagsins út frá tónlistarsmekk sínum (Rentfrow og Gosling, 2011).

Það hefur verið deiluefni hvort ákveðnar tónlistastefnur geti haft skaðleg áhrif á unglunga (Miranda og Claes, 2004). Áhyggjur af áhrifum tónlistar hafa komið og farið seinustu áratugi, á sjötta áratugnum höfðu til dæmis margir foreldrar í bandaríkjunum áhyggjur af því hvaða áhrif rokk-tónlist gæti haft á ungmenni (Bennett, 2001).

Tónlistarstefnur eins og rapp og þungarokk hafa meðal annars verið umdeildar vegna þess að þar finnast frekar textar sem fjalla um andfélagslega hegðun eða jafnvel hvetja til hennar. Deilan snýst um hvort þeir unglunga sem hlusti á slíka texta verði fyrir það miklum áhrifum að þeir verði líklegri en aðrir unglunga til þess að sýna af sér andfélagslega hegðun. Vissulega eru til rannsóknir sem sýna fram á að það sé fylgni milli þungarokks/ rapp tónlistar og andfélagslegrar hegðunar, vandræða í skóla og fíkniefnaneyslu hjá unglungum. Sumir draga þá ályktun að líklega hafi tónlistin neikvæð áhrif á unglunga (Miranda og Claes, 2004).

Í þessu sambandi er þó mikilvægt að hafa í huga að fylgni er ekki það sama og orsakasamband. Það þarf ekki að vera að það að hlusta á ákveðna tónlistarstefnu sé eitt og sér að hafa áhrif á andfélagslega hegðun og/eða vímuefnanotkun. Það eru ýmsir aðrir þættir sem geta haft áhrif á unglunga.

Fátt hefur eins mikil áhrif á hegðun unglunga eins og vinir þeirra og jafningjar. Unglingar hafa einnig greiðan aðgang að öðru afþreyingarefni sem er ofbeldisfullt eða sýnir andfélagslega viðhorf, skýr dæmi um þetta má finna í sjónvarpsefni og

tölvuleikjum. Annar áhugaverður punktur sem hefur komið fram í þessari deilu er að unglingar laðast yfirleitt að tónlistinni sjálfri, fremur en textunum þegar þeir byrja að verða partur af ákveðinni tónlistarmenningu. Margir unglingar velta sér ekki mikið upp úr innihaldi textana. Að auki er mikilvægt að taka tillit til þess að það eru mismunandi áherslur hjá tónlistarmönnum innan sömu stefnu (Miranda og Claes, 2004).

Þú getur fundið bæði uppbyggilega og andfélagslega texta innan sömu stefnunar, en þegar það er allt sett undir sama hatt þá er hætta á skekkju í niðurstöðunum.

Að auki er mikilvægt að velta fyrir öðru sjónarmiði, sem ekki hefur farið mikið fyrir. Það snýr að því að við ættum frekar að skoða af hverju fólk velur ákveðna tónlist (eða afþreyingu) umfram aðra. Mótast viðhorf okkar út frá tónlistinni sem við hlustum á, eða er þessu öfugt farið? Gæti verið að við veljum okkur ákveðna tónlist út frá því hver viðhorf okkar eru fyrir? (Sigg, 2009).

Tónlist er hluti af habitus einstaklingsins. En habitus hugtakið gengur út á það að félagslegt umhverfi okkar móti meðal annars smekk okkar, viðhorf og athafnir (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2008).

### *Habitus*

Hugtakið habitus er ekki öllum kunnugt, enda er það aðallega notað innan félagsfræði og sálfræði. Habitus er skylt orðinu habit, sem þýðir vani eða venja. Það er þó grundvallarmunur á orðunum, sem sést best með því að skoða kenningar franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieu. Hann kom fram á sjöunda áratugnum með sína eigin útfærslu á habitus hugtakinu (Nash, 1999).

Það er erfitt að finna íslenskt heiti sem útskýrir habitus hugtakið á nægilega skýrann hátt, en það hefur verið þýtt sem félagslegur veruháttur (Guðbjörg

Vilhjálmssdóttir, 2005). En þar sem sú þýðing er ekkert sérlega meðfærileg í notkun, er skýrara að styðjast frekar við frumheitið og tala um habitus og habitushópa.

Útfærsla Bourdieu á habitus hugtakinu byggir á upphaflegu hugmyndinni um *Social character* (félagslegur persónuleiki), sem er gamalt hugtak úr félagsálfræði. En túlkun Bourdieu er eingöngu félagsfræðileg. Hann útilokar að meðfæddir eða aðrir lífræðilegir eiginleikar eða hvatir geti haft áhrif á habitus. Bourdieu leggur mikla áherslu á að það sé fyrri reynsla einstaklingsins sem mótar habitus hans. Reynsla okkar segir til um í hvaða ljósi við sjáum umhverfi okkar og hefur áhrif á hvaða merkingu við leggjum í aðstæður hverju sinni (Meisenhelder, 2006). Fólk sér aðstæður gjarnan með öðrum augum en einstaklingur með annan habitus. Það er því reynsla viðkomandi af aðstæðunum sem hefur áhrif á hvaða merkingu hann leggur í þær (Guðbjörg Vilhjálmssdóttir, 2005).

Samkvæmt Bourdieu þá eru það tilhneigingar (*dispositions*) okkar og smekkur sem stjórna því hvernig við skynjum eða túlkum aðstæður og samskipti í samfélaginu okkar. (Meisenhelder, 2006).

Bourdieu skilgreinir habitus hugtak sitt sem hugsanaformgerðir sem hafa mótast af félagslegu umhverfi. Samkvæmt kenningu hans er það þessi félagslegi uppruni sem mótar okkur, til dæmis varðandi smekk, athafnir, og val okkar á ákveðnum hlutum. Bourdieu taldi mikilvægt að skoða félagslega áhrifaþætti sem geta legið á bakvið val fólks á viðfangsefnum, til dæmis iðkun tómsunda. (Guðbjörg Vilhjálmssdóttir, 2008).

Þegar Bourdieu talar um habitus, og þá sérstaklega tónlistarsmekk, þá leggur hann áherslu á að það sé eitthvað sem einstaklingur þrói með sér ómeðvitað og er því ekki í eðli sínu eins og hvert annað hefðbundið námsferli (Coulangeon, 2005).

Áður fyrr reyndu félagsálfræðingar oft á tíðum að útskýra félagshegðun út frá persónuleikaeinkennum. Í dag þykir það þó ekki nægjanleg skýring, og eru

persónuleikaeinkenni í besta falli talin geta útskýrt einhvern hluta af félagshegðun. Annað fólk getur haft veruleg áhrif á hegðun okkar, tilfinningar og hugsanir – og þar með habitus okkar. Í samfélaginu hefur hugsun fólks og samskipti við aðra áhrif á menninguna, og á móti hefur ríkjandi menning áhrif á samskipti og hugsanir fólksins í samfélaginu (Hogg og Vaughan, 2011).

Habitus breytist oftast hjá fólki með tímanum, sérstaklega við stórar breytingar eins og að fara á milli skólastiga. Hugsunarháttur, klæðaburður og líkamsburðir eru atriði sem tengjast habitus og breytast yfirleitt mjög mikið frá unglingsárum og fram á fullorðinsár (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2008).

#### *Rannsóknir á habitus*

Í bók Bourdieu, *La Distinction* (Aðgreiningin) frá árinu 1979, er að finna eina af hans þekktustu rannsóknum og jafnframt fyrstu rannsóknina á habitus (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2008). Þar rannsakaði Bourdieu menningarneyslu Frakka, með því að athuga smekk fólks á tónlist, myndlist, matarvenjum, tómsundum og fleiru (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005). Þessar rannsóknir Bourdieu höfðu víðtæk áhrif og leiddu til þess að vestræn samfélög fóru að skoða félagslega skiptingu á smekk og menningarneyslu fólks (Coulangeon og Lemel, 2007).

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar sem byggja á kenningum Bourdieu um habitus, meðal annars nokkrar í Frakklandi. Nokkrar habitus rannsóknir hafa verið gerðar á íslenskum ungmennum. Í þessum rannsóknum má greina 4 – 5 ólíka habitus hópa. Svo virðist sem félagslegt umhverfi íslenskra unglunga, svo sem búseta og stétt, hafi áhrif á smekk þeirra á menningarefni og einnig áhrif á val á tómsundaiðkun (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005). Íslenskar rannsóknir hafa beinst að unglingum og ungmennum upp að 22 ára aldri (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2008) en þar fyrir utan hefur

verið gerð habitus rannsókn á nemum við Háskóla Íslands og byggir þetta BS verkefni að hluta til á þeirri rannsókn. Rannsakanda er ekki kunnugt um að habitus-rannsóknir hafi verið gerðar hérlendis á öðrum hópum en nefndir eru hér að ofan

### *Viðhorf*

Innan sálfræði og félagsvísinda hafa viðhorf verið rannsökuð umtalsvert. Ef við stöndum frammi fyrir vali eða ákvörðun geta viðhorf okkar haft mikið um það að segja hvernig við bregðumst við. Viðhorf eru skilgreind sem tiltölulega stöðug samsetning nokkurra atriða í fari okkar. Þessi atriði eru okkar álit, mat, tilfinning, trú (*belief*) og tilhneiging í hegðun gagnvart ákveðnum atburðum, hópum, málefnum eða öðrum manneskjum. Ein helsta ástæða þess að viðhorf eru rannsökuð, er sú að þau gætu reynst gagnleg til að spá fyrir um hegðun. Af því leiðir að ef viðhorf breytast þá breytist hegðun í takt við þau. Algengt er að yfirvöld reyni að bæta viðhorf fólks til ákveðinna hluta með því að bjóða upp á ýmiskonar fræðslu. Með því eru yfirvöld að gera ráð fyrir því að breytt viðhorf geti leitt til breyttrar hegðunar í samfélaginu. Margar rannsóknir hafi sýnt fram á samband milli viðhorfa og félagshegðunar af ýmsu tagi, en þrátt fyrir það er það enn deiluefni milli fræðimanna hversu mikið er hægt að spá fyrir um hegðun út frá viðhorfum (Hogg og Vaughan, 2011).

### *Habitus og viðhorf til vímuefna*

Tengslin á milli tónlistarsmekks og vímuefnanotkunar hafa verið skoðuð umtalsvert á seinustu áratugum. Margar þessara rannsókna snúa að Kannabisneyslu ungmenna, enda er það, í flestum löndum, vinsælasta ólöglega vímuefnið. Hjá fullorðnum eru lágar tekjur, lítil menntun og atvinnuleysi stór áhættuþáttur fyrir neyslu Kannabis. Þrátt fyrir

það hafa rannsóknir sýnt fram á að unglingar sem eiga atvinnulausa eða láglæna foreldra eru þó ekki endilega líklegri til að prófa Kannabisefni (Pedersen, 2009).

Langtímarannsókn á Kannabisneyslu norskra ungmenna leiddi í ljós að neysla var ólík eftir tónlistarsmekk unglunga. Þar kom fram að aðdáendur þungarokks, Hip Hops eða annarrar tilraunakenndrar tónlistar voru líklegri, en ungmenni með annan tónlistarsmekk, til að byrja að nota Kannabis efni á unglingsárum. Að sækja rokkónleika eða vera í mikilli andstöðu við stjórnvöld þótti einnig vera sterkur áhættuþáttur, hvað varðar neyslu Kannabisefna á unglingsárum (Pedersen, 2009).

Talið er að þeir unglingar sem noti Kannabis séu gjarnan þeir sem vilji skera sig úr fjöldanum og eru partur af einhverskonar neðanjarðarmenningu eða ákveðnum menningarkíma (Pedersen, 2009). Unglingar sem sækja tónleika með tiltölulega óþekktum þungarokkssveitum væru gott dæmi um hóp sem er partur af neðanjarðarmenningu.

Sterk tengsl hafa einnig fundist milli neyslu amfetamíns og E-taflna við aðdáendur House/teknó tónlistar. Í sömu rannsókn var mikil neysla Kannabisefna og Amfetamíns tengd við hóp sem hlustaði á Grunge rokk (Pedersen og Skrondal, 1999).

Í rannsókn frá árinu 2004 voru unglingar spurðir út í viðhorf sín til fíkniefna, einnig var spurt út í smekk á tónlist og tísku. Þar kom fram að aðdáendur Hip Hop tónlistar gerðu töluvert meira úr vímuefnaneyslu sinni en aðrir hópar í rannsókninni. Hópurinn sem hlustaði á Goth tónlist skar sig einnig úr hvað varðaði svör, til dæmis tengdu þeir fíkniefnaneyslu ungs fólks við það að vera töff, frekar en að víman sjálf væri eftirsóknarverð (The social issues research centre, 2004).

Út frá fyrri rannsóknum á fíkniefnanotkun og tónlistarsmekk má álykta að aðdáendur rokkónlistar og Hip-Hops séu líklegri en aðrir til að neyta Kannabisefna.



Einnig má álykta að þeir sem hlusta á House/Teknó tónlist, sem er í grunninn einföld taktföst raftónlist, séu líklegri en aðrir til þess að neyta Amfetamíns og E-taflna.

### *Markmið rannsóknar og rannsóknarspurningar*

Full ástæða er til þess að rannsaka habitus nánar hér á landi og skoða fleiri hópa fólks. Mögulega geta niðurstöður úr þessari rannsókn verið frábrugðnar öðrum íslenskum habitusrannsóknum af einhverju leyti, vegna þess hversu fjölbreytt úrtakið er. Miðað við eldri rannsóknir á habitus ályktar höfundur að hægt verði að greina 4 – 5 ólíka habitus hópa úr niðurstöðunum úr þessari rannsókn. Af eldri rannsóknum má einnig draga þá ályktun að viðhorf habitushópanna til vímuefna og vímuefnanotkunar séu ólík, sérstaklega eftir tónlistarsmekk. Líklegt er að þeir sem hlusti á rokk hafi jákvæðari viðhorf til vímuefna, en ýmsar eldri rannsóknir hafa bent til þess. Ekki er þó ólíklegt að viðhorf íslenskra habitushópa til vímuefna séu á einhvern hátt frábrugðin þeim sem við sjáum í erlendum rannsóknum. Ísland er lítið samfélag og að öllum líkindum með færri menningarkima, sem gæti leitt til þess að niðurstöðurnar verði ekki sambærilegar erlendum rannsóknum.

Markmið rannsóknarinnar er að athuga hvort hægt sé að skipta þátttakendum niður í vel afmarkaða habitushópa út frá vali þeirra á afþreyingarefni, tómstunda- og íþróttaiðkun. Ef það tekst að fá skilgreinanlega habitushópa er ætlunin að athuga hver einkenni hvers hóps eru og hvort einhver munur sé á viðhorfum þeirra til vímuefna og neyslu þeirra.

## Aðferð

### *Þátttakendur*

Þátttakendur sem svöruðu habituslistanum voru 969 talsins (384 karlar og 585 konur) á aldrinum 18–57 ára. Meðalaldur var 26 ára. Það voru 492 þátttakendur sem einnig svöruðu spurningalista varðandi viðhorf til vímuefna. Þar af voru 202 karlar og 290 konur sem voru á aldrinum 18-53 ára. Meðalaldur var 26 ára.

### *Mælitæki*

Spurningakönnunin skiptist niður í tvo spurningalista, habituslistann og spurningalista varðandi viðhorf til vímuefna og vímuefnanotkunar. Könnunin var sett upp í vefsíðunni QuestionPro.com og niðurstöðurnar voru síðan færðar yfir í tölfræðiforritið SPSS þar sem unnið var úr þeim.

### *Habituslistinn*

Sjö manna hópur B.S. nema settu saman habituslista til að kanna smekk fólks á afþreyingarefni, tómstundum og íþróttaiðkun. Spurningalistinn var að hluta til byggður á atriðum úr tveimur eldri habituslistum sem voru notaðir í íslenskum rannsóknum á habitus. Spurningalistinn skiptist í átta undirlista þar sem spurt var út í: tónlist, útvarpsstöðvar, kvikmyndir, sjónvarpsefni, lesefni, vefsíður, íþróttir og tómstundir. Þátttakendur voru spurðir hversu oft eða hversu reglulega þeir höfðu hlustað/lesið/skoðað/horft á ákveðið afþreyingarefni. Einnig var spurt hversu oft eða hversu reglulega þeir höfðu stundað ákveðnar íþróttir og tómstundaiðkun.

Markmiðið með habituslistanum var að útbúa sem fjölbreyttastan spurningalista til þess að ná til margra mismunandi hópa.

Af þessum átta undirlistum var *tónlist* stærstur, með 50 atriði. Spurt var: Hversu

oft hlustar þú á eftirfarandi tónlistarmann eða hljómsveit? Boðið var upp á fimm svarmöguleika: 3 sinnum í viku eða oftar, 2-3 sinnum í mánuði, 1 sinni í mánuði eða sjaldnar, og hlusta aldrei á.

Rannsakendur fengu aðstoð tveggja sérfræðinga við gerð habituslistans. Annar þeirra er tónlistarblaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen sem aðstoðaði rannsakendur við gerð tónlistarlistans, en hann hefur víðtæka reynslu af skrifum um tónlist.<sup>1</sup>

Samstarfið við Arnar Eggert fór þannig fram að hann fór yfir tónlistarlista rannsakenda og gagnrýndi. Einhver atriði voru tekin út og öðrum bætt við. Aðallega var um að ræða tónlist sem var á vinsældarlistum fyrir einhverjum árum, en er í dag að mestu horfin úr sviðsljósinu og voru nokkur slík atriði því tekin út. Arnari Eggerti þótti listinn ekki nógu fjölbreyttur og bætti atriðum við á listann, meðal annars í djass, blús og íslensku efni.

Markmiðið var að útbúa yfirgripsmikinn lista þar sem mismunandi hópar fólks gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Á listanum var gamalt og klassískt rokk, bæði ný og gömul popptónlist, nýbylgja, mainstream rokk, alternative, íslenskt efni, Hip-Hop, electro, rokk og þungarokk, klassík, djass, blús, pönk og kántrí.

Á kvikmyndalistanum voru 35 kvikmyndir og þátttakendur voru spurðir: Hverjar af eftirfarandi kvikmyndum hefur þú séð? Þrír svarmöguleikar voru í boði: tvisvar eða oftar, einu sinni, eða aldrei.

Við gerð kvikmyndalistans fengu rannsakendur aðstoð frá Hauki Viðari Alfreðssyni. Haukur starfar sem kvikmyndagagnrýnandi fyrir visir.is og Fréttablaðið. Hann útbjóg lista yfir þær kvikmyndir sem hann taldi eiga heima á listanum og rannsakendur bættu listanum frá Hauki við atriði úr fyrri listum.

Rannsakendur töldu nauðsynlegt að uppfæra einhver atriði af eldri listum, þá helst þær myndir sem teljast til nýlegra vinsælla kvikmynda.

Á listanum fyrir sjónvarpsefni voru 27 sjónvarpsþættir og þátttakendur voru spurðir hversu oft þeir horfðu á tiltekna þætti í sjónvarpinu. Það voru fjórir svarmöguleikar í boði: horfi alltaf eða svo til alltaf, horfi oft, horfi einstaka sinnum, og horfi aldrei eða svo til aldrei. Á listanum mátti finna bæði íslenskt og erlent efni. Á listanum var fréttá- og menningartengt efni, spennu-grín- og dramaþættir, raunveruleikaþættir, íþróttáþættir og bílaþáttur.

Á listanum fyrir lesefni voru þátttakendur spurðir: Hvaða bækur eða blöð lestu þér til afþreyingar? Á listanum voru ekki bóka- eða blaðatitlar, heldur var spurt út í flokka. Í listanum voru 23 flokkar, þar á meðal: glæpasögur, spennusögur, íslenskar skáldsögur, vísindaskáldsögur, fræðiblöð, fréttablöð, lífstílsblöð og fleira. Það voru fimm svarmöguleikar í boði: 3 sinnum í viku eða oftar, 1-2 sinnum í viku, 2-3 sinnum í mánuði, 1 sinni í mánuði eða sjaldnar, og les aldrei.

Á listanum fyrir útvarpsstöðvar voru helstu útvarpsstöðvar landsins. Það voru 12 íslenskar stöðvar og ein erlend stöð á listanum. Þátttakendur voru spurðir hvaða stöðvar þeir hlustuðu á í útvarpinu. Það voru fjórir svarmöguleikar í boði: alltaf, oft, einstaka sinnum, eða aldrei.

Á listanum fyrir vefsíður og blogg var spurt: Hvaða vefsíður eða blogg skoðar þú þér til afþreyingar? Spurt var út í flokka, þar á meðal hvort viðkomandi skoðaði síður tengdar matreiðslu, íþróttum, tölvuleikjum, vísindum, fræðslu eða fréttum. Flokkarnir voru tólf talsins. Það voru fimm svarmöguleikar í boði: 3 sinnum í viku eða oftar, 1-2 sinnum í viku, 2-3 sinnum í mánuði, 1 sinni í mánuði eða sjaldnar, og skoða aldrei.

Á íþróttalistanum voru 23 atriði og náði hann yfir ýmsar íþróttir og einnig aðra hreyfingu eins og þolfimi og lyftingar. Þátttakendur voru spurðir hverja af þessum íþróttum þeir stunduðu í sínum frítíma. Það voru fimm svarmöguleikar í boði: 4-7 sinnum í viku, 1-3 sinnum í viku, 1-3 sinnum í mánuði, sjaldnar en 1 sinni í mánuði, og

aldrei (sjaldnar en 1 sinni á ári).

Á tómstundalistanum voru 15 atriði, þar á meðal leiklist, kór, hannyrðir og ljósmyndun. Þátttakendur voru spurðir hverja af þessum tómstundum þeir stunduðu í frítíma sínum, innan eða utan skólans. Það voru fimm svarmöguleikar í boði: 4-7 sinnum í viku, 1-3 sinnum í viku, 1-3 sinnum í mánuði, sjaldnar en 1 sinni í mánuði, og aldrei (sjaldnar en 1 sinni á ári).

#### *Spurningalisti varðandi viðhorf til vímuefna*

Þátttakendur voru spurðir 12 spurninga sem snéru að viðhorfum til vímuefna og vímuefnaneyslu. Þátttakendur voru hér aftur minntir á að könnun væri nafnlaus og beðnir um að svara af hreinskilni. Á listanum voru í grunninn 12 spurningar en flestar þeirra voru í nokkrum liðum, þar sem sömu þátttakendur voru spurðir sömu spurninga en varðandi mismunandi vímuefni. Alls var því spurt út í 33 atriði. Tíu af tólf spurningum voru þýddar upp úr erlendum ransóknum og tvær spurningar komu frá höfundi.

Fyrstu þrjár spurningar voru þýddar upp úr könnun sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stóð að árið 2011. Þátttakendur voru spurðir hversu mikla áhættu þeir teldu að einstaklingur væri að taka gagnvart heilsu sinni með því að nota eftirfarandi vímuefni, annars vegar reglulega eða prófa þau einu sinni eða tvisvar. Spurt var út í Kannabis, áfengi, tóbak, munntóbak, Kókaín og E-töflur. Þriðja spurningin sneri að viðhorfum til aðgengis að fíkniefnum. Þátttakendur voru spurðir hvort ætti að leyfa eða banna fyrrnefnd vímuefni. (European Commission, 2011). Spurt var út í hvert vímuefni fyrir sig, þannig að fyrstu þrjár spurningarnar voru í 6 liðum hver.

Næstu þrjár spurningar voru þýddar upp úr könnun heilbrigðisráðuneytis Nýja Sjálands frá árinu 2009. Þátttakendur voru spurðir hvort fíkniefnavandi væri samfélagslegt eða persónulegt vandamál. Þeir voru spurðir hvaða vímuefni ollu mestum

skaða í íslensku þjóðfélagi í dag. Valið stóð á milli áfengis, tóbaks, Kannabis, E-taflna. Kókaíns og lyfseðlilsskyldra lyfja. Einnig gátu þátttakendur merkt við valmöguleikann „annað“, ef þeim fannst rétta möguleikann vanta. Þátttakendur voru svo spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni: Mér finnst fólk á Íslandi skorta þekkingu á þeim vanda sem fylgir neyslu fíkniefna (Ministry of health, 2009).

Tvær spurningar voru fengnar úr nýlegri yfirlitsgrein sem tekur saman niðurstöður margra rannsóknagreina sem fjalla um viðhorf stúdenta til fíkniefnanotkunar. Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru tveimur fullyrðingum. Fyrri fullyrðingin var sú, að nemandi sem verður uppvís um neyslu fíkniefna ætti að vísa tafarlaust úr skóla. Sú seinni var, að starfsmanni sem verður uppvís að neyslu fíkniefna ætti að segja upp störfum tafarlaust. Þátttakendur gátu svarað á kvarða. Allt frá „mjög sammála“ yfir í „mjög ósammála“ (Garland, Bumphus og Knox, 2012).

Tvær spurningar voru þýddar upp úr rannsókn sem gerð var í Búlgaríu á fíkniefnaneyslu og viðhorfum ungs fólks til fíkniefna. Fyrri spurningin var í sex liðum og voru þátttakendur spurðir hversu mikið einstaklingar væru að skaða sig við að neyta vímuefna á eftirfarandi hátt: reykja pakka af sígarettum á dag, drekka sig fullan einu sinni í viku, reykja Kannabis einu sinni eða tvisvar, reykja Kannabis reglulega, prófa kókaín einu sinni eða tvisvar, nota kókaín reglulega, prófa E-töflu einu sinni eða tvisvar og nota E-töflur reglulega. Þátttakendur gátu svara á kvarða, allt frá „mjög mikið“ niður í „ekki“. Þessi spurning er vissulega mjög sambærileg fyrstu tveimur spurningunum en ákveðið var að nota annað orðalag og athuga hvort svörin yrðu sambærileg eða ekki. Seinni spurningin sem fengin var úr Búlgversku rannsókninni snýr að aðgengi fólks að fíkniefnum. Þátttakendur voru spurðir hversu fljótt þeir gætu útvegað sér ólögleg fíkniefni. Gefnir voru upp sjö svarmöguleikar sem voru allt frá „innan fárra klukkustunda“ yfir í „ómögulegt“ (Yanakiev, 1999).

Rannsakandi útbjó tvær spurningar til viðbótar til að bæta við listann. Sú fyrri snýr að málefni sem hefur verið í þjóðfélagsumræðunni, varðandi hvort það eigi að lækka áfengiskaupaaldur niður í 18 ár. Seinni spurningin snýr að því hvort Kannabisneysla geti leitt til neyslu á öðrum fíkniefnum.

### *Framkvæmd*

Veggspjöld voru útbúin með öllum helstu upplýsingum um rannsóknina og neðst á veggspjaldinu var hægt að rífa af lítinn miða með slóðinni inn á rannsóknina.

Veggspjöldin voru útbúin í A4 stærð og voru hengd upp í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Háskólanum á Akureyri, Þjóðarbókhöðunni, Listaháskólanum, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, Tækniskólanum, bókasafni Garðabæjar, bókasafni Kópavogs, bókasafni Hafnarfjarðar, World class laugum, Sporthúsinu, Hreyfingu glæsibæ, 10-11 Grensásvegi og 10-11 Firði.

Tölvupóstur með upplýsingum um könnunina ásamt slóð inn á sjálfa könnunina var sendur á nemendur við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, Listaháskólann og Tækniskólann.

Rannsakendur kynntu könnunina einnig vel á samskiptamiðlinum facebook.com. Þar var búinn til svokallaður „Event“, sem er nokkurskonar grúppa inn á facebook. Rannsakendur settu þar inn allt kynningarefni um rannsóknina, höfðu grúppuna opna öllum facebook notendum og sendu öllum sínum vinum boð um að koma í grúppuna og taka þátt í rannsókninni.

Könnunin var opin frá 19. – 29. Mars 2013.

### *Tölfræðileg úrvinnsla*

Tölfræðileg úrvinnsla fór fram í tölfræðiforritinu SPSS og R. Samtals voru 1.537 þátttakendur sem byrjuðu að svara habituslistanum, en 1.005 þátttakendur luku öllum listanum.

Habitus spurningarnar voru 198 talsins. Brottfall var frá 0 upp í 50 þar sem þeir sem voru með meira en 50 spurningar ósvaraðar voru felldir brott. Eftir voru því 970 þátttakendur. Ekkert brottfall var hjá 563 (58,0%) þátttakendum en brottfall á einni til 50 habitusbreytum var hjá 407 (42,0%) þátttakendum.

Habitushópar voru fengnir frá leiðbeinanda verkefnisins sem sá alfarið um þá úrvinnslu. Til að hámarka hópinn sem unnið var með og lágmarka skekkju voru brottfallsgildi tilreiknuð einu sinni með aðferð endurtekens tilreiknings (multiple imputations; Graham, 2009). Leitað var að stöðugri lausn með því að gera meginhluta-greiningu með tveimur til átta þáttum og leita að tveimur til átta klösum á grundvelli þeirrar úrvinnslu. Stöðugleiki var metinn með meðaltali Jaccard nálægðar yfir mörg endurtekin úrtök (bootstrapping; Henning, 2007). Niðurstöður gáfu til kynna fimm habitushópa en álitamál hvort stöðugleiki væri meiri þegar þeir voru byggðir á þriggja eða fjögurra þátta lausn.



## Niðurstöður

### Þáttgreining habituslistans

Habitus listinn var þáttgreindur með meginhlutagreiningu og voru fjórir þættir dregnir.

Þáttunum fjórum voru gefin heiti sem lýsa þeim atriðum sem hlóðust á þá. Heitin á

þáttunum voru Rokk og hasar, Popp og tíska, Lestur og róleg tónlist og Fréttir og

dægurmál. Tafla 1 sýnir hvernig atriði habituslistans hlaðast á þættina. Atriði var talið

tilheyra þætti ef hleðsla þess var 0,3 eða hærri við viðkomandi þátt.

Tafla 1

### Þáttgreining habituslistans

Atriði	Rokk og hasar	Popp og tíska	Bókalestur og rólegheit	Fréttir og dægurmál
🎵 Jimi Hendrix	<b>0,62</b>	-0,02	0,25	0,02
🎵 Foo Fighters	<b>0,61</b>	0,21	-0,07	0,00
🎵 The Rolling Stones	<b>0,57</b>	0,04	0,21	0,05
🎵 The Clash	<b>0,57</b>	0,12	0,23	0,08
🎵 Arctic Monkeys	<b>0,56</b>	0,19	0,02	0,01
🎵 Sex Pistols	<b>0,55</b>	0,05	0,20	0,02
🎵 Radiohead	<b>0,55</b>	0,22	0,17	0,08
🎬 Fight Club (1999)	<b>0,55</b>	-0,17	-0,07	-0,04
🎵 Jack White/The White Stripes	<b>0,54</b>	0,25	0,11	0,06
🎵 Bob Dylan	<b>0,54</b>	0,09	<b>0,38</b>	0,11
🎬 The Big Lebowski (1998)	<b>0,53</b>	<b>-0,31</b>	0,05	0,07
🎵 Alice in Chains	<b>0,52</b>	0,03	-0,01	-0,02
🎬 American Psycho (2000)	<b>0,52</b>	-0,19	-0,02	0,02
🎵 Johnny Cash	<b>0,51</b>	0,09	0,22	0,03
🎬 Sin City (2005)	<b>0,50</b>	-0,21	-0,01	-0,11
🎬 The Matrix (I,II eða III)	<b>0,50</b>	-0,27	0,01	-0,12
🎬 The Shawshank Redemption	<b>0,49</b>	-0,12	-0,10	0,03
📺 Kvikmyndavefsíður	<b>0,49</b>	0,00	0,02	-0,15
🎬 Gangs of New York (2002)	<b>0,48</b>	-0,09	-0,06	0,12
🎵 David Bowie	<b>0,47</b>	0,05	<b>0,30</b>	0,10
🎧 X-ið	<b>0,47</b>	0,02	-0,03	0,00
🎵 Jeff Buckley	<b>0,46</b>	0,27	0,19	0,06
🎬 Braveheart (1995)	<b>0,46</b>	-0,09	-0,15	0,11
🎵 Metallica	<b>0,45</b>	0,03	-0,06	-0,06
🎬 Apocalypse Now (1979)	<b>0,45</b>	-0,27	-0,02	0,09
🎬 Die Hard (1988)	<b>0,45</b>	-0,14	-0,15	0,02
🎵 Arcade Fire	<b>0,44</b>	0,16	0,14	0,08
🎵 R.E.M.	<b>0,43</b>	0,24	0,08	0,06
🎵 The Beatles	<b>0,42</b>	0,23	<b>0,33</b>	0,06

🎵 Tónlist. 🎬 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 🕒 Tímstundir. 📺 Íþróttir. 📖 Lesefni. 🎧 Útvarp. 📺 Vefsíður.

🎵 Tónlist. 📺 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 📺 Tímstundir. 🌐 Íþróttir. 📖 Lesefni. 🎧 Útvarp. 📺 Vefsíður.

📺 A Clockwork Orange (1971)	<b>0,42</b>	-0,29	0,22	-0,03
📺 The Shining (1980)	<b>0,41</b>	-0,20	0,17	0,05
📺 Íþróttavefsíður	<b>0,41</b>	0,01	<b>-0,46</b>	0,14
🎵 Sigur Rós	<b>0,40</b>	0,16	0,15	0,08
🎵 Slayer	<b>0,40</b>	-0,11	0,00	-0,08
📺 Bowling for Columbine (2002)	<b>0,39</b>	-0,27	0,06	0,11
🎵 Bon Iver	<b>0,38</b>	0,24	0,13	0,01
🎵 B.B. King	<b>0,38</b>	0,22	0,20	0,07
📺 Tónlistarvefsíður	<b>0,38</b>	0,06	0,20	0,05
📺 Monty Python	<b>0,37</b>	<b>-0,40</b>	0,28	-0,10
📺 Ace Ventura: Pet Detective	<b>0,37</b>	-0,07	-0,11	-0,01
📺 Top Gear	<b>0,37</b>	-0,04	-0,18	0,17
🎵 Sólstafir	<b>0,36</b>	0,00	0,06	0,03
📺 Star Wars (I, II, III, IV, V eða VI)	<b>0,36</b>	<b>-0,38</b>	0,11	-0,23
📺 Zeitgeist (2007)	<b>0,36</b>	-0,25	0,01	0,00
📺 Drive (2011)	<b>0,36</b>	0,04	-0,11	-0,02
📺 Bækur/blöð um bíla og tækni	<b>0,36</b>	-0,07	-0,16	0,08
🎵 Skálmöld	<b>0,35</b>	-0,06	0,08	0,03
📺 Breaking Bad	<b>0,35</b>	-0,15	-0,22	0,03
📺 Tónlistarbækur eða tónlistarblöð	<b>0,35</b>	0,05	0,35	0,09
🎵 Queen	<b>0,34</b>	<b>0,32</b>	0,20	0,04
📺 Sons of Anarchy	<b>0,34</b>	-0,05	-0,22	0,05
🌐 Fótbolti	<b>0,36</b>	0,00	<b>-0,40</b>	0,08
🎵 Alt J	<b>0,31</b>	0,07	0,01	-0,01
📺 Tölvuleikjavefsíður	<b>0,31</b>	-0,27	-0,12	-0,28
📺 Tölvuleikir	<b>0,31</b>	-0,29	-0,14	-0,29
🎵 Hank Williams	<b>0,30</b>	0,13	0,18	0,09
📺 Californication	<b>0,30</b>	0,04	-0,19	0,18
📺 Kvikmynda-bækur eða blöð	<b>0,30</b>	0,12	0,23	-0,00
🎵 Rihanna	-0,11	<b>0,77</b>	-0,06	0,20
🎵 Bruno Mars	-0,09	<b>0,70</b>	-0,10	0,01
🎵 Adele	-0,08	<b>0,69</b>	0,14	0,16
🎵 Kanye West	0,12	<b>0,66</b>	-0,17	0,02
🎵 Florence and the Machine	0,26	<b>0,62</b>	0,08	-0,01
🎵 Retro Stefson	0,11	<b>0,62</b>	0,01	0,26
🎧 FM 957	-0,16	<b>0,61</b>	<b>-0,32</b>	-0,05
🎵 Lady GaGa	-0,08	<b>0,60</b>	0,10	0,03
🎵 Taylor Swift	-0,09	<b>0,58</b>	<b>-0,40</b>	-0,09
🎵 Coldplay	0,22	<b>0,55</b>	0,00	0,03
🎵 Madonna	0,04	<b>0,53</b>	0,19	0,09
🎵 Mumford and Sons	<b>0,32</b>	<b>0,53</b>	0,02	0,00
📺 Mannlífs eða tískublöð	-0,10	<b>0,50</b>	0,25	0,19
🎵 Robyn	0,10	<b>0,49</b>	0,22	-0,04
🎵 Drake	0,16	<b>0,49</b>	-0,15	-0,12
🎧 Kaninn	-0,06	<b>0,46</b>	-0,12	-0,04
📺 The Notebook (2004)	-0,19	<b>0,46</b>	0,18	0,11
🎵 Sálin hans Jóns míns	-0,02	<b>0,45</b>	-0,04	0,26

🎵 Tónlist. 📺 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 📺 Tímstundir. 🌐 Íþróttir. 📖 Lesefni. 🎧 Útvarp. 📺 Vefsíður.

🎵 Tónlist. 🎬 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 🎭 Tímstundir. 🌐 Íþróttir. 📖 Lesefni. 🎧 Útvarp. 🎧 Vefsíður.

🎵 Mugison	0,23	<b>0,44</b>	0,10	<b>0,35</b>
🎵 Frank Ocean	0,19	<b>0,44</b>	-0,04	-0,05
🌐 Þrek eða þolþjálfun	0,02	<b>0,44</b>	0,01	0,19
🎧 Tískuvefsíður	-0,06	<b>0,43</b>	0,26	0,07
🎧 Flass 104,5	-0,02	<b>0,41</b>	-0,22	-0,18
🎬 Bridget Jones's Diaries (2001)	-0,22	<b>0,41</b>	<b>0,30</b>	0,18
🎵 U2	<b>0,32</b>	<b>0,40</b>	0,04	0,24
🎵 Moses Hightower	0,20	<b>0,39</b>	0,17	0,23
🎬 Hairspray (2007)	-0,18	<b>0,37</b>	0,27	0,00
🎬 Twilight (I,II,III,IV eða V)	-0,14	<b>0,37</b>	0,13	-0,18
🎧 Bylgjan	-0,05	<b>0,36</b>	-0,13	<b>0,33</b>
📺 Nágrannar	-0,14	<b>0,31</b>	-0,06	0,11
🌐 Hlaup eða skokk	0,13	<b>0,30</b>	-0,08	0,13
📖 Skáldsögur eftir erlenda höfunda	-0,01	0,00	<b>0,57</b>	0,00
📖 Listabækur eða listablöð	0,12	-0,02	<b>0,56</b>	0,05
📖 Íslenskar skáldsögur	0,03	-0,02	<b>0,52</b>	0,25
📖 Ljóðabækur	0,08	-0,12	<b>0,51</b>	0,09
🎵 Billy Holiday	0,27	0,11	<b>0,50</b>	0,10
🎭 Myndlist	0,04	-0,12	<b>0,50</b>	-0,10
📖 Ástarsögur	-0,07	0,24	<b>0,49</b>	-0,04
🎵 Louis Armstrong	<b>0,35</b>	0,06	<b>0,47</b>	0,08
🎬 Amelie (2001)	0,06	-0,01	<b>0,47</b>	0,03
🎭 Semja sögur, ljóð eða leikrit	0,06	-0,16	<b>0,45</b>	-0,05
🎧 Rás 1	0,03	-0,19	<b>0,44</b>	<b>0,35</b>
🎭 Föndur	-0,09	0,12	<b>0,43</b>	0,02
🎵 Mozart	0,22	-0,10	<b>0,42</b>	-0,10
🎧 Handverksvefsíður	-0,08	0,12	<b>0,42</b>	0,14
🎭 Hannyrðir	-0,22	0,11	<b>0,42</b>	0,10
🎵 Beethoven	0,24	-0,13	<b>0,40</b>	-0,11
🎬 The Rocky Horror Picture Show	0,12	-0,06	<b>0,39</b>	0,04
📖 Rómantískar gamansögur	-0,11	<b>0,32</b>	<b>0,39</b>	-0,02
📖 Matreiðslu-bækur eða blöð	-0,08	0,21	<b>0,39</b>	0,29
📖 Ævintýrabækur	0,13	-0,07	<b>0,38</b>	-0,21
🌐 Dans	-0,03	0,18	<b>0,38</b>	0,01
🌐 Yoga eða slökun	-0,05	0,18	<b>0,38</b>	0,00
📖 Íslensku fornritin	0,12	-0,11	<b>0,36</b>	0,13
🌐 Göngutúrar	-0,06	0,11	<b>0,36</b>	0,23
🎭 Ljósmyndun	0,08	-0,05	<b>0,36</b>	0,10
🎬 Moulin Rouge (2001)	-0,06	<b>0,34</b>	<b>0,35</b>	0,01
📺 Sunnudagsmessan	0,29	0,00	<b>-0,35</b>	0,17
🎵 Miles Davis	0,28	-0,01	<b>0,34</b>	0,05
📖 Vísindaskáldsögur	0,18	-0,18	<b>0,34</b>	-0,23
📖 Handbækur	0,02	0,13	<b>0,34</b>	0,12
🎧 Matreiðsluvefsíður	-0,11	<b>0,33</b>	<b>0,34</b>	0,23
📖 Ævisögur	0,23	0,06	<b>0,33</b>	0,23
📖 Fræðibækur eða fræðiblöð	0,14	-0,12	<b>0,33</b>	0,23
🎭 Matreiðsla	-0,04	0,07	<b>0,33</b>	0,24

🎵 Tónlist. 🎬 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 🎭 Tímstundir. 🌐 Íþróttir. 📖 Lesefni. 🎧 Útvarp. 🎧 Vefsíður.

🎵 Tónlist. 🎬 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 🕒 Tímstundir. 🌐 Íþróttir. 📖 Lesefni. 📻 Útvarp. 📺 Vefsíður.

📺 Glæpasögur eða spennusögur	-0,02	0,18	<b>0,30</b>	0,14
🏌️ Golf	0,28	-0,02	<b>-0,30</b>	0,17
📺 Kastljós	-0,01	0,09	0,11	<b>0,73</b>
📺 Fréttir og Veður	0,09	0,07	0,04	<b>0,69</b>
📺 Landinn	-0,03	0,01	0,06	<b>0,68</b>
📺 Útsvar	-0,02	0,10	0,02	<b>0,59</b>
📻 Rás 2	0,19	-0,09	0,20	<b>0,50</b>
📺 Borgen (Höllin)	-0,07	-0,04	0,15	<b>0,50</b>
📺 Klovn	0,24	-0,05	-0,09	<b>0,50</b>
📺 360 gráður	-0,02	0,13	-0,09	<b>0,50</b>
📺 Silfur Egils	0,11	-0,21	0,12	<b>0,49</b>
📺 Kiljan	0,05	-0,13	0,30	<b>0,47</b>
📺 Forbryðelsen (Glæpurinn)	-0,03	0,02	0,15	<b>0,42</b>
📺 60 mínútur	0,31	-0,01	-0,09	<b>0,38</b>
📖 Fréttablöð eða dagblöð	0,12	0,14	0,15	<b>0,37</b>
📺 Criminal Minds (Glæpahneigð)	-0,11	0,17	0,13	<b>0,34</b>
📺 Teiknimyndavefsíður	0,26	-0,25	0,14	<b>-0,33</b>
🎬 Með allt á hreinu (1982)	0,06	0,14	0,05	<b>0,32</b>
🎵 Vilhjálmur Vilhjálmsson	0,07	0,24	0,26	0,28
🎵 Bubbi	0,17	0,26	-0,05	0,27
🎵 Skrillex	0,24	0,18	-0,13	-0,22
📻 BBC World	0,15	-0,24	0,18	0,09
📻 Gull Bylgjan	0,24	0,08	0,22	0,01
📻 Útvarp Latibær	-0,11	0,03	0,07	0,12
🎬 Finding Nemo (2003)	0,07	0,21	0,13	-0,08
🎬 Eragon (2006)	0,16	0,03	0,06	-0,20
🎬 28 days later (2002)	0,29	-0,09	0,00	-0,09
🎬 Wall-E (2008)	0,23	-0,06	0,09	-0,24
🎬 Nói Albinói (2003)	0,11	-0,07	0,15	0,22
🎬 Orphanage (El Orfanato)(2007)	0,14	0,02	0,17	-0,10
📺 The Following	0,10	0,11	-0,15	0,09
📺 NCIS	0,00	0,22	-0,06	0,07
📺 Málið	0,05	0,19	-0,06	0,27
📺 Sönn íslensk sakamál	0,15	0,20	-0,13	0,25
📺 Project Runway	-0,05	0,28	0,16	0,06
📺 The Biggest Loser	-0,07	0,28	-0,02	0,23
📺 Americas Next Top Model	-0,13	0,29	0,14	0,07
📺 Fringe	0,14	-0,10	-0,01	-0,06
📺 Girls	0,00	0,20	0,19	0,06
📖 Teiknimynda-bækur eða blöð	0,11	-0,25	0,20	-0,29
📖 Íþróttabækur eða íþróttablöð	0,29	0,16	-0,27	0,20
📖 Tölvubækur eða tölvublöð	0,20	-0,04	0,10	-0,14
📖 Bækur/ blöð um lífstíl og heilsu	-0,03	0,29	0,20	0,15
📺 Fréttavefsíður	0,17	-0,01	0,06	0,27
📺 Fræðsluvefsíður	0,25	-0,25	0,27	0,14
📺 Vísindavefsíður	0,27	-0,19	0,23	0,03
📺 Tæknivefsíður	0,27	-0,27	-0,05	-0,11

🎵 Tónlist. 🎬 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 🕒 Tímstundir. 🌐 Íþróttir. 📖 Lesefni. 📻 Útvarp. 📺 Vefsíður.

🎵 Tónlist. 📺 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 🕒 Tímstundir. 🏆 Íþróttir. 📖 Lesefni. 🗣️ Útvarp. 📺 Vefsíður.

🏆 Hestamennska	-0,04	0,06	0,04	0,12
🏆 Skák	0,23	-0,18	0,01	0,04
🏆 Skíði eða snjóþretti	0,07	0,08	-0,06	0,14
🏆 Fjallgöngur	0,08	0,08	0,18	0,22
🏆 Korfubolti	0,22	-0,03	-0,21	0,10
🏆 Lyftingar	0,20	0,26	-0,24	0,07
🏆 Sund	0,05	0,12	0,16	0,20
🏆 Kraft- eða ólympískar lyftingar	0,19	0,04	-0,19	0,06
🏆 Hjólreiðar	0,04	-0,05	0,18	0,15
🎵 Tónlist	0,14	-0,13	0,24	-0,09
📺 Spilaklúbbar	0,05	-0,12	0,09	0,01
🏆 Veiði	0,23	-0,12	-0,14	0,27
🎵 Félagsstarf í skóla	0,00	0,09	0,16	0,12
🎵 Félagsstarf utan skóla	-0,02	-0,05	0,24	0,15

🎵 Tónlist. 📺 Kvikmyndir. 📺 Sjónvarpsþættir. 🕒 Tímstundir. 🏆 Íþróttir. 📖 Lesefni. 🗣️ Útvarp. 📺 Vefsíður.

Fyrsti þátturinn var nefndur Rokk og hasar. Á hann hleðst mikið af rokktonlist, bæði gamalli og nýrri. Ein útvarpsstöð hleðst á þáttinn, það er X-ið og á þeirri stöð er aðallega spiluð rokktonlist. Nokkrar kvikmyndir hlaðast á þennan þátt og eru það aðallega spennu-, hasar- og stríðsm myndir. Þrjár tegundir vefsíðna hlaðast á þáttinn en það eru íþróttar- tónlistar- og kvikmyndavefsíður. Þrjár tegundir sjónvarpsþátta hlaðast á þáttinn, en innihald þeirra eru bílar, spenna og svartur húmor. Lesefni tengt bílum, tækni, kvikmyndum og tónlist hleðst á þennan þátt. Fótubolti er eina íþróttin sem hleðst á þennan þátt og eru tölvuleikir eina tímstundin sem hleðst á þáttinn.

Þátturinn Rokk og hasar einkennist því af rokki, spennu- og hasarmyndum, fótubolta, og tölvuleikjum. Þátturinn einkennist líka af vefsíðum og lesefni sem tengjast áhugamálum.

Annar þátturinn fékk nafnið Popp og tíska. Á hann hleðst mikið af nýlegri popptónlist. Þar má nefna Rihanna, Adele og Lady GaGa. Fjórar útvarpsstöðvar hlaðast á þáttinn. Þær eru FM 957, Kaninn, Flass 104,5 og Bylgjan, en allar þessar stöðvar spila að mestu leyti popptónlist. Rómantískar gamansögur ásamt mannlífs- og tiskublöðum eru lesefnið sem hleðst á þennan þátt. Tísku- og matreiðsluvefsíður hlaðast á þennan

þátt. Á þennan þátt hlaðast tvö íþróttatengd atriði, það er annars vegar þreki eða þolþjálfun og hins vegar hlaup eða skokk. Nokkrar kvikmyndir hlaðast á þáttinn og eru þær allar með drama og rómantísku ívafi. Star Wars myndirnar, The Big Lebowski og Monty Python hafa hins vegar neikvæða fylgni við þennan þátt. Aðeins einn sjónvarpsþáttur hleðst á þáttinn og það er hinn lífsseigi sjónvarpsþáttur Nágrannar. Engar tómstundir hlaðast á þennan þátt.

Þátturinn Popp og tíska einkennist því af popptónlist, rómantískum drama-kvikmyndum, tísku og hreyfingu.

Þriðji þátturinn fékk nafnið Bókalestur og rólegheit. Mikið af lesefni (bókum og blöðum) hleðst á þennan þátt. Nokkrir tónlistarmenn hlaðast á þennan þátt og er um að ræða afslappaðari tónlist en hlaðast á hina tvo þættina. Má þar nefna jazz frá Billy Holiday og klassíska músík Mozart og Beethoven. Rás 1 er eina útvarpsstöðin sem hleðst á þáttinn. Þrjár kvikmyndir hlaðast á þennan þátt. Tvær söngleikjamyndir og svo franska myndin Amélie. Aðeins einn sjónvarpsþáttur hleðst á þennan þátt og er það íþróttþátturinn Sunnudagsmessan sem fær neikvæða fylgni. Fimm íþróttatengd atriði hlaðast á þáttinn; Dans, Yoga eða slökun, göngutúrar og golf, en þar að auki hefur fótbolti neikvæða fylgni við þáttinn. Margar tegundir tómstunda hlaðast á þennan þátt, þar á meðal hannyrðir, myndlist og ljósmyndun. Vefsíður sem snúa að matreiðslu og handverki hlaðast á þáttinn en íþróttavefsíður eru með neikvæða fylgni.

Þátturinn Bókalestur og rólegheit einkennist því af bókmenntum, blöðum, rólegri tónlist, listrænum kvikmyndum og léttri hreyfingu.

Fjórdi þátturinn fékk nafnið Fréttir og dægurmál. Það voru 19 atriði sem hlóðust á þáttinn og þar af voru 11 atriði sjónvarpsþættir. Flestir þessara sjónvarpsþátta snúa að fréttum og dægurmálum. Einnig fengu nokkrar danskar þáttaraðir hleðslu við þáttinn. Af lesefninu eru það bara fréttá- og dagblöð sem hafa hleðslu við þáttinn. Engar íþróttir, eða

tómstundir hlaðast á þennan þátt. Mugison er eini tónlistarmaður sem hleðst á þáttinn. Þjár útvarpsstöðvar og ein kvikmynd eru með hleðslu á þennan þátt. Teiknimyndavefsíður hlaðast á þáttinn en eru með neikvæða fylgni.

Þátturinn Fréttir og dægurmál einkennist því af sjónvarpsþáttum og dagblöðum eða tímaritum sem snúa að fréttum og dægurmálum.

Habituslistinn inniheldur samtals 184 atriði, en þar af eru 43 atriði sem eru með allar vogtölur undir 0,3 og því hlaðast þau atriði ekki á neina af þáttunum fjórum. Það var mikið af íþróttum og sjónvarpsþáttum sem fengu ekki hleðslu við neinn þátt. Aftur á móti voru aðeins þrjú tónlistaratriði sem ekki fengu hleðslu við þátt og þau voru Vilhjálmur Vilhjálmsson, Bubbi og Skrillex.

Það eru má ætla að mun færri stundi íþróttir eins og skák, hestamennsku og fjallgöngur heldur en stunda fótbolta, skokk og þolþjálfun. Það skýrir væntanlega afhverju svo margar íþróttir fá ekki hleðslu við þátt.

### *Habitushópar*

Niðurstöður klasagreiningar gefa til kynna að hentugt sé að skipta þátttakendum niður í fimm habitushópa. Hóparnir fengu einföld heiti en þau eru lýsandi fyrir það hvernig hóparnir koma út á þáttunum fjórum. Habitushóparnir fengu heitin Rokkarar, Popparar, Bókaunnendur, Meðvitaðir og Óvirkir. Tafla 2 sýnir meðaltöl hópanna á hverjum þætti fyrir sig.

Tafla 2  
*Meðaltöl habitushópanna við þætti*

Þættir habituslistans	Rokkarar	Popparar	Bókaunnendur	Meðvitaðir	Óvirkir
Rokk og hasar	<b>1,25</b>	-0,56	0,46	-0,68	-0,05
Popp og tíska	-0,13	<b>1,02</b>	0,16	-0,45	-0,97
Bókalestur og rólegheit	-0,90	-0,16	<b>1,58</b>	0,01	-0,21
Fréttir og dægurmál	0,24	-0,30	0,08	<b>1,02</b>	-1,06

Hópurinn Rokkarar er vel yfir meðaltali á þættinum Rokk og hasar og vel undir meðaltali á þættinum Bókalestur og rólegheit. Habitus hópurinn Rokkarar virðist því vera fólk sem er mikið fyrir rokktónlist og spennu- og hasarmyndir, en virðast ekki hafa gaman af bókmenntum og rólegri músík. Hópurinn skoðar að mestu íþróttar-, tónlistar- og kvikmyndavefsíður og út frá því mætti álykta að hluti þeirra væru það sem við köllum aðdáendur. Rokkarar hafa einnig gaman af fótbolta og tölvuleikjum.

Hópurinn Popparar eru vel yfir meðaltali á þættinum Popp og tíska, en eru hins vegar vel undir meðaltali á þættinum Rokk og hasar. Popparar virðast því vera fólk sem er mikið fyrir popptónlist, tísku og rómantískar myndir. Popparar hafa aftur á móti ekki mikinn áhuga á rokki og spennu- og hasarmyndum.

Hópurinn Bókaunnendur er vel yfir meðaltali á þættinum Bókalestur og rólegheit, og það kemur á óvart að þeir eru líka dálítið yfir meðaltali á þættinum Rokk og hasar. Hópurinn Bókaunnendur virðist því vera fólk sem er mikið fyrir að lesa bækur og blöð af ýmsu tagi. Það kýs nokkuð mjúka tónlist, að mestu leyti jazz og klassíska tónlist, en hluti þeirra virðist einnig hafa gaman af rokki. Bókaunnendur virðast hreyfa sig töluvert og kjósa þá hreyfingu eins og dans eða Yoga. Þeir horfa mikið á listrænar- og söngleikjamyndir, en hluti þeirra horfir einnig á spennu- og hasarmyndir eins og Rokkarar fyrir.

Hópurinn Meðvitaðir er vel yfir meðaltali á þættinum Fréttir og dægurmál en eru vel undir meðaltali á þættinum Rokk og hasar. Hópurinn Meðvitaðir virðist því vera fólk sem horfir mikið á fréttar-, menningar- og dægurmálþætti í sjónvarpinu. Það les einnig dagblöð og önnur fréttablöð. Þetta fólk virðist því vera meðvitað um það sem er að gerast í sínu samfélagi og veit líklega töluvert um heimsmálin þar að auki.

Hópurinn Óvirkir eru langt undir meðaltali á þáttunum Popp og tíska og Fréttir og dægurmál. Óvirkir virðast vera fólk sem hefur ekki mikinn áhuga á þeim atriðum sem



eru í habitus listanum, og þá allra síst Fréttum, dægurmálum, tísku og popptónlist.

Einhver áhugi er fyrir öðrum atriðum.

### *Kynjaskipting og aldursdreifing habitushópanna*

Tafla 3 sýnir kynjaskiptinguna innan habitushópanna. Tæp 94% þeirra sem tilheyra hópnum Rokkarar eru karlmenn. Þegar hópurinn Popparar er skoðaður þá snýst dæmið við því þar eru konur um 96% af hópnum. Konur eru einnig um 89% af hópnum Bókaunnendur og þær eru 72% af hópnum Meðvitaðir. Um 75% þeirra sem tilheyra hópnum Óvirkir eru karlmenn. Þegar við skoðum kynjaskiptinguna yfir heildina eru konur um 60% þátttakenda og karlar 40%. Kynjaskiptingin aðgreinir því habitushópana mjög sterkt og er einnig ójöfn þegar litið er til heildarfjölda.

Tafla 3  
*Kynjaskipting innan habitushópa*

	Rokkarar	Popparar	Bókaunnendur	Meðvitaðir	Óvirkir	Samtals
Konur	11	248	135	147	44	585
Karlar	168	10	16	57	133	384
Samtals	179	258	151	204	177	969

Langflestir þátttakenda, eða um það bil helmingur úrtaksins, eru á aldrinum 21-25 ára.

Að öðru leyti dreifist aldur þátttakenda frá 18-57 ára. Rannsakendur auglýstu það sérstaklega að þeir væru aðallega að leita af fólki á aldrinum 20-35 ára. Það útskýrir það væntanlega hversu fáir þátttakendur eru eldri en 36 ára. Gert var ráð fyrir að stærstur hluti þátttakenda væri fólk í háskólanámi og þótti þetta aldursbil því vera hentugt í úrtak.

Tafla 4  
*Fjöldi í hverjum aldurshóp innan habitushópanna*

	Rokkarar	Popparar	Bókaunnendur	Meðvitaðir	Óvirkir	Samtals
20 ára og yngri	9	28	7	4	25	73
21-25 ára	96	154	75	56	97	478
26-30 ára	53	45	42	62	34	236
31-35 ára	16	15	17	51	15	114
36-40 ára	2	4	2	14	1	23
41 árs og eldri	0	2	6	13	1	23
Ótilgreint	3	10	2	4	4	23
Samtals	179	258	151	204	177	969

Tafla 4 sýnir aldursdreifinguna innan habitushópanna fimm. Aldurinn dreifist ólíkt eftir hópum. Langflestir eru á aldrinum 21-25 ára (49%). Þar á eftir kemur hópurinn 26-30 ára (24%). Popparar eru áberandi yngstir en Meðvitaðir eru áberandi elstir.

#### *Kynjaskipting og aldursdreifing þeirra sem svöruðu viðhorfslista*

Hluti þátttakenda sem svaraði habituslistanum svaraði einnig spurningalista sem sneri að viðhorfum viðkomandi til vímuefna og vímuefnanotkunar. Alls svöruðu 492 þessum spurningalista, eða rúmlega helmingur þeirra sem svöruðu habituslistanum.


Þátttakendur sem svöruðu viðhorfslista voru valdir tilviljunarkennt og er því kynjaskipting þeirra mjög svipuð og hún er á habituslistanum. Konur eru um 59% þátttakenda og karlar 41%. Það sama gildir um kynjaskiptinguna innan habitushópa. Karlar eru um 92% af hópnum Rokkarar og konur eru um 93% af hópnum Popparar. Um 88% Bókaunnenda eru konur og þær eru einnig 67% af hópnum Meðvitaðir. Karlar eru 75% af hópnum Óvirkir.

Aldursdreifingin er einnig mjög svipuð og í habituslistanum. Aldurshópurinn 21-25 ára er langstærsti hópurinn og mjög fáir þátttakendur eru yfir 35 ára.


### Viðhorf habitushópa til vímuefna og vímuefnanotkunar

Alls svöruðu 492 þátttakendur viðhorfslista sem sneri að viðhorfum til vímuefna og vímuefnanotkunar. Þar af voru 290 konur og 202 karlar. Ætlunin var að bera saman habitushópana og kanna hvort hóparnir hefðu ólík viðhorf til vímuefna og vímuefnanotkunar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að það var almennt munur á viðhorfum habitushópana til vímuefna og vímuefnanotkunar.

Á myndum 1 og 2 sést mat þátttakenda á því hversu mikil heilsufarsleg áhætta fylgi því að nota Kannabisefni. Á mynd 1 sést mat þátttakenda á reglulegri notkun  $\chi^2(12, N=492) = 105, p=0,000$ , en á mynd 2 sést mat þeirra á því að prófa Kannabis einu sinni eða tvisvar  $\chi^2(12, N=485) = 72,9, p=0,000$ .




Mynd 1. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að neyta Kannabisefna reglulega.




Mynd 2. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að prófa Kannabisefni einu sinni eða tvisvar.

Svör voru ólík milli habitushópa. Þátttakendur mátu áhættuna einnig ólíkt eftir því hvort um var að ræða reglulega notkun Kannabisefna eða prófun einu sinni eða tvisvar. Svör Poppara og Meðvitaðra voru svipuð og þeir voru mest meðvitaðir um áhættuna, hvort sem um reglulega notkun var að ræða eða ekki. Dreifing á svörum hinna hópanna er ekki eins afgerandi. Viðhorf Óvirkra og Rokkara eru nokkuð sambærileg. Óvirkir virðast hafa minnstar áhyggjur af áhættunni við reglulega notkun Kannabisefna.



Mynd 3. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að neyta áfengis reglulega.




Mynd 4. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að prófa áfengi einu sinni eða tvisvar.


Á mynd 3 og 4 sést mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að neyta áfengis.

Kíkvaðrat próf sýndi að ekki var marktækur munur milli hópa á mynd 3  $\chi^2$  (12,  $N=490$ ) = 13,5,  $p=0,335$ , og mynd 4  $\chi^2$  (12,  $N=483$ ) = 26,7,  $p=0,008$ . Ólíkt Kannabis þá er áfengi

löglegt en vissulega ekki skaðlaust. Í samanburði við Kannabis hafa hóparnir jákvæðari viðhorf til áfengisnotkunar. Hér eru hóparnir meira sammála um áhættuna.



Mynd 5. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að neyta Kókaíns reglulega.




Mynd 6. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að prófa Kókaín einu sinni eða tvisvar.


Næst verður farið yfir viðhorf hópanna til harðari fíkniefna. Á myndum 5 og 6 sjást viðhorf þátttakenda til neyslu Kókaíns. Hvað reglulega notkun varðar eru hóparnir mjög meðvitaðir um áhættuna  $\chi^2 (12, N=492) = 15,6, p=0,049$ . Viðhorfin virðast mjög svipuð en þó eru örlítið fleiri úr röðum Óvirkra og Rokkara sem telja áhættuna miðlungs. En kíkvaðrat prófið sýnir að ekki er marktækur munur milli hópanna. Það finnst hins vegar marktækur munur á viðhorfum hópanna hvað varðar að prófa Kókaín,  $\chi^2 (12, N=483) = 34,9, p=0,000$ . Í öllum hópum var algengasta svarið að áhættan væri mikil. Hér skera

Rokkarar og Óvirkir sig aftur úr. Hlutfallslega fleiri þar telja að áhættan sé miðlungs eða lítil.

Viðhorf hópanna til neyslu E-tafna voru sambærileg viðhorfum þeirra til neyslu Kókaíns  $\chi^2(12, N=484) = 32,1, p=0,001$ . Svo ekki þótti nauðsynlegt að birta myndrit fyrir viðhorf til E-tafna. Í samanburði við Kókaín má þó greina örlítið neikvæðari viðhorf hjá Rokkurum og Óvirkum, hvað varðar að prófa E-töflur einu sinni eða tvisvar.  $\chi^2(12, N=483) = 44,6, p=0,000$ , en kíкваðratpróf er ekki marktækt.



Mynd 7. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að reykja tóbak reglulega.




Mynd 8. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að prófa tóbak einu sinni eða tvisvar.


Tóbak er vissulega löglegt vímuefni en reykingar geta verið mjög skaðlegar, þrátt fyrir að víman sé minni en af öðrum efnum sem hafa verið nefnd hér að ofan. Á myndum 7

og 8 sjást viðhorf hópanna til tóbaksreykinga. Hvað reglulegar reykingar varðar er töliverður munur á viðhorfum hópanna,  $\chi^2(12, N=492) = 35,2, p=0,000$ . Popparar og Meðvitaðir eru mest meðvitaðir um áhættuna. Meirihluti Bókaunnenda, Óvirkra og Rokkara telja áhættuna miðlungs, hvað reglulegar reykingar varðar. Óvirkir og Rokkarar skera sig aðeins úr, þar sem hlutfallslega fleiri þar telja áhættuna vera litla.

Hvað varðar að prófa tóbak einu sinni eða tvisvar, þá töldu hóparnir áhættuna minni og ekki var marktækur munur á svörum hópanna,  $\chi^2(12, N=485) = 26,1, p=0,010$ .




Mynd 9. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að nota munntóbak reglulega.



Mynd 10. Mat þátttakenda á heilsufarslegri áhættu þess að prófa munntóbak einu sinni eða tvisvar.

Á myndum 9 og 10 sjást viðhorf þátttakenda til munntóbaks. Kíkvæðrat prófið sýndi fram á marktækan mun á viðhorfum hópanna hvað reglulega notkun varðar,  $\chi^2(12, N=491) = 43,8, p=0,000$ . Popparar og Meðvitaðir eru mest meðvitaðir um áhættuna


varðandi reglulega notkun. Óvirkir og Rokkarar meta áhættuna minni en aðrir hópar, bæði hvað varðar reglulega notkun og það að prófa munntóbak einu sinni eða tvisvar,  $\chi^2 (12, N=484) = 31, p=0,002$ .



Mynd 11. Ættu kannabisefni að vera áfram ólögleg eða leyfð?


Ólík viðhorf hópanna til lögleiðingu Kannabisefna sjást á mynd 11.  $\chi^2 (8, N=486) = 94,5, p=0,000$ . Marktækur munur er milli hópa. Meirihluti Poppara telur að efnið eigi áfram að vera ólöglegt. Meirihluti Meðvitaðra er sammála, en þó vill um þriðjungur þeirra leyfa efnið með takmörkunum. Um helmingur Bókaunnenda og Rokkara vill hafa Kannabisefni áfram ólögleg en hinn helmingurinn vill lögleiðingu af einhverju tagi. Óvirkir skera sig mest úr, því meirihluti þeirra vil lögleiða Kannabisefni.





Mynd 12. Ætti áfengi að vera ólöglegt eða leyft?


Hóparnir hafa svipuð viðhorf til aðgengis á áfengi, og eins og sést á mynd 12 er ekki marktækur munur milli hópa,  $\chi^2(8, N=485) = 13,2, p=0,104$ . Það eru litlu fleiri úr hópum Rokkara og Óvirkra sem vilja afnema allar takmarkanir, en hóparnir skera sig ekki mikið frá hinum.



Mynd 13. Ætti Kókaín að vera áfram ólöglegt eða leyft?


Það má greina mun á viðhorfum hópanna hvað varðar lögleiðingu harðari fíkniefna,  $\chi^2(8, N=486) = 44,4, p=0,000$ . Eins og sést á mynd 13, þá vilja nánast allir Popparar hafa Kókaín áfram ólöglegt. Óvirkir skera sig mest úr, því nærri þriðjungur þeirra vil lögleiða efnið. Litill hluti Rokkara, Bókaunnenda og Meðvitaðra vill lögleiða efnið með takmörkunum. Þrátt fyrir mun milli hópa, var algengasta svar þátttakenda að Kókaín ætti áfram að vera ólöglegt. Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvort lögleiða ætti E-

töflur eða ekki var dreifing svara nánast alveg eins og þegar þeir voru spurðir varðandi Kókaín. Því er ekki birt myndrit hvað varðar lögleiðingu E-taflna.



Mynd 14. Ættu sígarettur að vera ólöglegar eða leyfðar?


Eins og sést á mynd 14 þá eru allir hópar nokkuð sammála um að ekki þurfi að gera breytingar á aðgengi tóbaks  $\chi^2 (8, N=486) = 23,1, p=0,003$ . Athygli vekur þó að í öllum hópum er einhver hluti sem vill gera sígarettur ólöglegar. Fleiri úr hópum Rokkara og Óvirkra vilja afnema allar takmarkanir á sölu og aðgengi tóbaks. Aftur á móti eru fleiri úr hópum Poppara og Meðvitaðra sem vilja banna tóbak, en munurinn er ekki marktækur. Þegar þátttakendur eru spurðir út í lögleiðingu munntóbaks, dreifast svör á sama hátt og á Mynd 14.  $\chi^2 (8, N=486) = 28,5, p=0,000$ . Það virðist ekki vera munur á viðhorfum hvort sem um er að ræða sígarettur eða munntóbak.



Mynd 15. Mat þátttakenda á því hvort fíkniefnavandi sé samfélagslegt eða persónulegt vandamál.


Viðhorf hópanna eru ekki ósvipuð þegar þeir eru spurðir hvort út í hverskonar vandamál fíkniefnavandi sé.  $\chi^2(16, N=489) = 23,9, p=0,090$ . Eins og sést á mynd 15 þá er mikill meirihluti allra hópa sammála um að vandinn sé jafnt persónulegur og félagslegur.

Næstalgengasta svar hjá öllum hópum er að vandinn sé aðallega persónulegur. Hjá öllum hópum eru mjög fáir sem líta frekar á fíkniefnavanda sem samfélagslegt vandamál heldur en persónulegt.




Mynd 16. Mat þátttakenda á hvaða vímuefni sé að valda mestum skaða í þjóðfélaginu okkar í dag.

Ekki er marktækur munur er á viðhorfum þátttakenda varðandi hvaða vímuefni valdi mestum skaða í íslensku þjóðfélagi,  $\chi^2(24, N=488) = 35,4, p=0,063$ . Á mynd 16 sést að áfengi var algengasta svarið en síðan mældist ýmist tóbak, kannabis, kókaín og lyfseðilsskyld lyf með 10-15%.



Mynd 17. Fólk á Íslandi skortir þekkingu á þeim vanda sem fylgir fíkniefnaneyslu.


Hóparnir eru heilt yfir frekar sammála um hvort íslendinga skorti þekkingu á fíkniefnavandanum, ein og sést á mynd 17.  $\chi^2(16, N=488) = 21,3, p=0,169$ . Hjá fjórum af fimm hópum voru flestir frekar sammála fullyrðingunni. Hjá Óvirkum voru jafn margir frekar sammála og hvorki sammála né ósammála. Í öllum hópum var töluverður hluti sem var mjög sammála, sérstaklega hjá Poppurum og Meðvituðum. Verulega lítill hluti þátttakenda var mjög ósammála.



Mynd 18. Nemandi sem verður uppvís að neyslu fíkniefna ætti að vísa tafarlaust úr skóla.


Næst voru skoðuð viðhorf til fíkniefnaneyslu og fíkniefnaneytenda, frekar en viðhorf til skaðsemi fíkniefnanna sjálfra. Á mynd 18 sést að meirihluti Bókaunnenda, Óvirkra og Rokkara er mjög ósammála fullyrðingunni.  $\chi^2(16, N=488) = 34,6, p=0,005$ . Svör voru

ekki eins afgerandi hjá Meðvituðum. En meirihluti þeirra var annað hvort frekar ósammála, mjög ósammála eða hvorki né. Mesti munurinn er á Óvirkum og Poppurum. Stærsti hluti Rokkara, Óvirkra og Bókaunnenda var mjög ósammála fullyrðingunni.



Mynd 19. Starfsmanni sem verður uppvís að neyslu fíkniefna ætti að segja upp störfum tafarlaust.


Borin saman við fíkniefnaneyslu nema, eru viðhorf hópanna til fíkniefnaneyslu starfsmanna í vinnu ekki sambærileg. Kíkvaðrat próf sýndi fram á marktækan mun á viðhorfum hópana,  $\chi^2(16, N=488) = 42,1, p=0,000$ .



Mynd 20. Neysla á kannabisefnum eykur líkurnar á því að viðkomandi fari að neyta annarra fíkniefna.

Hluti af deilunni um lögleiðingu Kannabisefna snýr að því að ef einstaklingur sé að nota Kannabis auki það líkurnar á því að viðkomandi prófi önnur fíkniefni. Eins og sést á mynd 20 þá eru viðhorf hópanna ólík hvað þetta varðar.  $\chi^2(16, N=487) = 86,2, p=0,000$ .

Mikill meirihluti Poppara eru sammála því að þetta geti verið viss áhætta. Aðrir hópar hafa jákvæðari viðhorf hvað þetta varðar, þó sérstaklega Óvirkir og Rokkarar.




Mynd 21. Það á að lækka aldurstakmark til þess að kaupa áfengi niður í 18 ára aldur.

Það hefur verið deiluefni í þjóðfélaginu hvort lækka eigi aldurstakmark til áfengiskaupa.

Eins og sést á mynd 21 eru viðhorf hópanna ólík hvað þessa deilu varðar,  $\chi^2 (16, N=488) = 45,6, p=0,000$ . Rúmlega helmingur Poppara voru mjög ósammála fullyrðingunni.

Meðvitaðir og Bókaunnendur hafa örlítið jákvæðari viðhorf til þess að lækka aldurinn.

Rokkarar og Óvirkir skera sig úr.




Mynd 22. Mat þátttakenda á því hversu mikið einstaklingur skaði sig með því að reykja pakka á dag.

Eins og fram hefur komið var hluti spurningalistans endurtekinn með öðru orðalagi.

Notaðar voru mjög sambærilegar spurningar, en í stað þess að tala um heilsufarslega


áhættu við að neyta vímuefna var spurt út í hversu skaðlegt það er að nota efnin. Hvað varðar spurningarnar sem sneru að Kannabis, áfengi og reglulegri notkun E-taflna og Kókaíns voru svörin mjög sambærileg.

Eins og sést á mynd 22 eru allir hópar að mestu sammála um það að einstaklingur skaði sjálfan sig mjög mikið eða tiltölulega mikið með því að reykja pakka á dag.  $\chi^2 (12, N=488) = 32, p=0,001$ . Hér hafði breytt orðalag þau áhrif að viðhorf hópanna virðast neikvæðari í garð reykinga.




Mynd 23. Mat þátttakenda á því hve mikið einstaklingur skaði sig með því að prófa Kókaín einu sinni eða tvisvar.

Breytt orðalag hafði líka áhrif á viðhorf þátttakenda til þess hversu skaðlegt er að prófa Kókaín einu sinni eða tvisvar. Algengasta svar hjá Poppurum var að skaðinn væri mjög mikill. Hóparnir voru þó ósammála hvað þetta varðar,  $\chi^2 (16, N=486) = 45,1 p=0,000$ . Hjá Meðvituðum, Bókaunnendum og Óvirkum var algengasta svarið að skaðinn væri tiltölulega mikill. Algengasta svar Rokkara var að skaðinn væri tiltölulega lítill, en það var þó sambærilega mikill fjöldi þeirra sem sagði að skaðinn væri tiltölulega- eða mjög mikill. Í samanburði við fyrra orðalag er dreifing svara ólík þrátt fyrir að spurningin sé sambærileg. Í fyrri orðalagi var algengasta svarið í öllum hópum að það væri mikil heilsufarsleg áhætta að prófa Kókaín einu sinni eða tvisvar.



Mynd 24. Mat þátttakenda á því hve mikið einstaklingur skaði sig við að prófa E-töflu einu sinni eða tvisvar.

Hvað varðar E-töflur þá leiddi breytt orðalag til þess að meiri dreifing var á svörum innan hópanna. Kíkvaðrat prófið sýndi fram á marktækan mun á svörum hópanna ,  $\chi^2(16, N=485) = 57,2 p=0,000$ . Svör þátttakenda við heilsufarslegri áhættu þess að prófa E-töflur voru neikvæðari en þau sem sjást á mynd 24.



Mynd 25. Mat þátttakenda á því hversu fljótt þeir gætu útvegað sér ólögleg fíkniefni.

Á Mynd 25. sést mat þátttakenda á því hversu fljótt þeir gætu útvegað sér ólögleg fíkniefni. Nokkur dreifing er á svörum en athygli vekur að algengasta svar í öllum hópum er „innan fárra klukkustunda“.  $\chi^2(42,6 N=486) = 42,6 p=0,011$ . Það eru þó áberandi flestir úr hópum Rokkara og Óvirkra sem segjast geta útvegað sé efnin mjög fljótt.



Þegar þessi myndrit eru skoðuð virðist heildarniðurstaðan vera nokkuð skýr. Hóparnir eru almennt jákvæðari gagnvart vímuefnum og vímuefnanotkun eftir því sem farið lengra til hægri á myndritinu. Popparar eru greinilega mest meðvitaðir um hættu vímuefna. Rokkarar og Óvirkir hafa jákvæðustu viðhorfin og sums staðar er vafi á hvor hópurinn hafi jákvæðari viðhorf. Ekki var hægt að staðfesta mun milli habitushópa í öllum tilvikum þar sem Kíkvaðrat prófin voru ekki alltaf marktæk.

## Umræða

Markmið rannsóknarinnar var meðal annars að athuga hvort hægt sé að skipta þátttakendum niður í vel afmarkaða habitushópa út frá vali þeirra á afþreyingarefni, tómstunda- og íþróttaiðkun. Niðurstöður leiddu í ljós að hægt var að skipta þátttakendum niður í fimm habitushópa. Habituslistinn greindist í fjóra þætti og höfðu hóparnir misjafnlega sterk tengsl við hvern og einn þátt.

Hópurinn Rokkarar voru nánast eingöngu karlmenn sem höfðu mestan áhuga á rokkónlist, spennumyndum og fótbolta. Flestir þeirra voru á aldrinum 21-30 ára.

Hópurinn Popparar voru nánast eingöngu konur sem hlustuðu á popptónlist, lásu tískublöð og tískuvefsíður, horfðu á rómantískar myndir og stunduðu töluverða hreyfingu. Flestar þeirra voru á aldrinum 21-25 ára.

Hópurinn Bókaunnendur einkenndist af ýmsu lesefni, tómstundum, tiltölulega rólegri tónlist og léttari hreyfingu á borð við Yoga og dans. Meirihluti Bókaunnenda voru konur á aldrinum 21-30 ára.

Hópurinn Meðvitaðir fylgdust vel með fréttum og dægurmálum, bæði í sjónvarpi, neti og í dagblöðum. Um 72% af hópnum voru konur. Ekkert aldursbil stóð verulega uppúr en voru meðvitaðir aðallega á aldrinum 21-35 ára.

Hópurinn Óvirkir virtust hafa mjög takmarkaðann áhuga á þeim atriðum sem voru á habituslistanum, og þá allra síðst fréttum, dægurmálum, tísku og popptónlist. En einhver áhugi var fyrir öðrum atriðum. Um 75% af hópnum voru karlar. Flestir úr hópnum voru á aldrinum 21-25 ára.

Yfir heildina voru konur í miklum meirihluta í þeim hópum sem sneru að popptónlist, tísku, rómantískum og listrænum kvikmyndum, bókmenntum, hreyfingu og tómstundum. Karlmenn voru hinsvegar í miklum meirihluta í þeim hóp sem snýr að rokkónlist, spennu- og hasarmyndum, tónlistar-, bíla- og tækjablöðum o.fl. Karlmenn

eru líka í miklum meirihluta í þeim hóp sem virðist vera lítt áhugasamur um atriði habituslistans.

Kynjahlutföllin voru vissulega mjög ójöfn í innan habitushópa en hluti af skýringunni gæti verið sú að kynjahlutfall þátttakanda var í heildina ójafnt. Konur voru 60% þátttakenda og karlar 40%.

### *Viðhorf habitushópa til vímuefna*

Annað markmið rannsóknarinnar var að athuga hvort einhver munur væri á viðhorfum habitushópa til vímuefna og neyslu þeirra. Niðurstaðan í þeim efnunum var skýr og var víða töluverður munur á viðhorfum hópanna fimm.

Kynjaskiptingin hjá þeim sem svöruðu viðhorfslistanum var mjög sambærileg kynjaskiptingunni í habituslistanum, bæði yfir heildina og innan hópanna fimm.

Töluverður munur var á viðhorfum habitushópanna í sumum atriðum en ekki öllum. Rokkarar og Óvirkir voru með jákvæðustu viðhorfin til vímuefna, neyslu þeirra og aðgengi. Þeir höfðu minni áhyggjur en aðrir hópar af reglulegri Kannabisneyslu og er rúmur helmingur þeirra fylgjandi lögleiðingu Kannabisefna. Þeir gerðu einnig minna úr skaðsemi þess að prófa harðari fíkniefni eins og aðrir hópar, en voru sammála öðrum hópum þegar spurt var út í skaðsemi reglulegrar notkunar á Kókaíni og E-töflum. Það er þó ekki hægt að segja svör Rokkara og Óvirkra hafi alltaf verið í mikilli andstöðu við svör og viðhorf hinna hópanna. Hóparnir tveir skáru sig oftast úr vegna þess að það var meiri dreifing á svörum þeirra. Svör hópa eins og Poppara voru á móti oft mjög einsleit, þ.e. langflestir innan þess hóps völdu sama svarmöguleikann. Það var því ekki nema hluti Rokkara og Óvirkra sem hafði jákvæð eða áhyggjulaus viðhorf gagnvart vímuefnum og neyslu þeirra.

Popparar voru mjög samkvæmir sjálfum sér í svörum og mætti segja að sá hópur hafi haft neikvæðustu viðhorfin til vímuefna og neyslu þeirra af habitushópunum fimm. Þeir höfðu mestar áhyggjur af skaðsemi og heilsufarslegri áhættu þess að neyta vímuefna. Flestir þeirra vildu ekki lögleiða Kannabisefni og sumir þeirra vildu jafnvel banna sígarettur. Þá töldu Popparar mjög skaðlegt að prófa sterkari fíkniefni einu sinni eða tvisvar og töldu flestir þeirra víst að notkun Kannabisefna gæti leitt til notkunar á öðrum ólöglegum fíkniefnum.

Það mætti segja að hinir hóparnir tveir, Meðvitaðir og Bókaunnendur, hafi verið nokkurnveginn mitt á milli póllanna tveggja í viðhorfum sínum. Þeir voru ekki alveg jafn samkvæmir sjálfum sér í svörum eins og Popparar, heldur voru svör þeirra mismunandi milli spurninga. Þrátt fyrir það voru þessi hópar nær Poppurum í viðhorfum heldur en Rokkurum eða Óvirkum.

Kynjaskiptingin í habitushópunum var mjög ójöfn og má velta því fyrir sér hvort sá munur sé einfaldlega munur á viðhorfum kynjanna. Mögulega hefðu viðhorf habitushópanna mælst öðruvísi ef kynjahlutfall hefði verið jafnt í öllum hópum.

### *Lokaorð*

Niðurstöðurnar úr þessari rannsókn voru að ýmsu leiti svipaðar og í eldri rannsóknum. Helst var það hópurinn Óvirkir sem kom á óvart. Um er að ræða hóp sem virtist ekki mjög áhugasamur um þau fjölmörgu atriði sem voru á habituslistanum, en hópurinn hafði einnig hvað jákvæðustu viðhorfin til vímuefna og vímuefnanotkunar. Ekki þarf að vera að þarna sé hópur sem er almennt áhugalaus um flesta hluti. Fjöldi atriða í habituslistanum þurfti að stilla í hóp, svo mögulega hafa rannsakendur misst af einhverjum jaðarhópum fólks sem ekkert fundu við sitt hæfi á listanum. Áhugavert væri að rannsaka þetta stórt úrtak en með mikið lengri atriðalista.

